

Lagabreytingar

Í maímánuði síðastliðnum voru samþykkt á Alþingi þrenn lög sem varða virðisaukaskatt. Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir efni þeirra og þeim breytingum sem þau hafa í för með sér.

1. Lög nr. 105/2000 um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt

Lögin öðluðust gildi 1. júlí 2000 nema ákvæði varðandi myntsölu Seðlabankans sem tók gildi 22. maí 2000. Breytingarnar eiga flestar rætur sínar að rekja til skýrslu nefndar um framkvæmd virðisaukaskatts. Skýrslan var gefin út í ritröð fjármálaráðuneytisins fyrr á þessu ári.

Endurgreiðsla til veitingahúsa

Endurgreiðsla á virðisaukaskatti til veitingahúsa, mótuneyta og hliðstæðra aðila sem selja tilreiddan mat með 24,5% virðisaukaskatti hækkar úr 93,75% í 112,5% af innskatti vegna matvælaaðfanga í 14% þrepi. Jafnframt er ákveðið hámark sett á endurgreiðsluna, þannig að útskattur af sölu á tilreiddum mat að frádreginni endurgreiðslu nemi ekki lægri fjárhæð en svo að minnst helmingur mismunar á söluverði og hráefnisverði beri 24,5% virðisaukaskatt. Að öðru leyti beri tilreiddur matur í raun 14% virðisaukaskatt að teknu tilliti til endurgreiðslunnar. Í kjölfarið má vænta þess að fjármálaráðherra geri viðeigandi breytingar á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis. Þá verður einnig gefið út nýtt endurgreiðslueyðublað RSK 10.35

Hópbifreiðir - Innskattsréttur - Endurgreiðsluréttur

Óheimilt er orðið með öllu að inn-

skatta öflun, rekstur og leigu á hópbifreiðum. Fyrir breytinguna var virðisaukaskattsskyldum aðilum heimilt að færa til innskatts virðisaukaskatt vegna kaupa á hópbifreið ef hún var eingöngu notuð í þágu virðisaukaskattsskyldrar starfsemi t.d. við flutning á starfsmönnum milli vinnustaða. Þá áttu sömu aðilar rétt til innskatts vegna reksturs hópbifreiða að svo miklu leyti sem þær voru nýttar til virðisaukaskattsskyldrar starfsemi. Nú eru slíkar heimildir ekki lengur fyrir hendi. Í kjölfarið má vænta viðeigandi breytinga á reglugerð nr. 192/1993, um innskatt.

Þeir rekstraraðilar hópbifreiða, sem leyfi hafa til skipulegra fólksflutninga með hópbifreiðum, öðluðust frá og með gildistöku laganna rétt til endurgreiðslu 19,68% af söluverði þeirra hópbifreiða sem þeir sannanlega selja úr landi.

Myntsala - frumsala Seðlabankans á tilefnismynt

Fruitsala Seðlabanka Íslands á tilefnismynt er orðin undanþegin virðisaukaskatti. Þetta á bara við um fyrstu sölu Seðlabankans á sérleginni minningar- eða hátíðarmynt, en um sölu annarra aðila á slíkri mynt gildir áfram sú regla að salan er virðisaukaskattsskyld þar sem myntin er ekki seld sem greiðslumiðill heldur sem söfnunargripur.

Opinberir aðilar - fæðissala - innskattsréttur

Tekinn er af allur vafi um það að fæðissala opinberra aðila, til starfsmanna sinna og annarra, er virðisaukaskattsskyld. Gildir sú regla enda þótt fæðið sé selt lægra verði en nemur framleiðslukostnaði. Í slíkum tilvikum miðast skattverð við framleiðsluverð.

Fjármálaráðherra er heimilað að setja í reglugerð reglur um að opinberir aðilar megi nýta sér reglur

um innskattsfrádrátt að hluta vegna aðfanga sem varða bæði skattskylda og óskattskylda þætti í starfsemi þeirra. Ráðherra hefur ekki nýtt sér þessa heimild og því gildir enn sú regla að opinberum aðilum, sem fjallað er um í 10. gr. reglugerðar um innskatt, er einungis heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim aðföngum sem eingöngu varða skattskylda starfsemi þeirra. Með öðrum orðum, enginn innskattur leyfist enn sem komið er hjá þeim vegna aðfanga til blandaðrar starfsemi.

Rafrænn afsláttur

Áður en fjallað er um þessa breytingu þykir rétt að tæpa almennt á helstu reglum virðisaukaskattslaganna um afslátt. Sú regla gildir um veittan óskilyrtan afslátt, t.d. staðgreiðsluafslátt, að hann má draga frá skattverðinu. Slíkur afsláttur kemur til framkvæmdar þegar við afhendingu og er á því tímamarki dreginn frá skattverði. Þessi regla gildir ekki um skilyrtan afslátt, t.d. afsláttur sem veittur er gegn því að kaupandi greiði söluverðið innan tiltekins greiðslufrests. Hins vegar má að tilteknum skilyrðum uppfylltum gera leiðréttingu á skattskyldri veltu á síðara tímamarki þegar skilyrði afsláttarins eru uppfyllt og hann kemur raunverulega til framkvæmdar. Á meðal skilyrða fyrir slíkri leiðréttingu er að kaupandinn geti innskattað viðskiptin og fái í hendur kreditreikning vegna afsláttarins.

Þeim fyrirtækjum (seljendum) sem skrá sölu sína í sjóðvél og veita viðskiptavinum sínum svokallaðan rafrænan afslátt er nú heimilt að draga slíkan afslátt frá skattverði þegar uppgjör seljanda við greiðslukortafyrirtæki hefur farið fram. Með rafrænum afslætti er átt við afslátt sem veittur er gegn greiðslu með kreditkort. Þrátt fyrir að forsendur afsláttar liggi fyrir

þegar við sölu færir seljandi söluverð að fullu til tekna og fullt söluverð kemur því fram á greiðslukvittun kaupandans úr sjóðvélinni. Afslátturinn kemur fyrst fram við uppgjör greiðslukortafyrirtækis við seljanda annars vegar og kaupanda hins vegar. Seljendur hafa hingað til ekki getað dregið þennan rafræna afslátt frá skattskyldri sölu sinni vegna þess að hann er í eðli sínu óskilyrtur en kemur þó ekki til framkvæmdar við afhendingu. Seljendur hafa heldur ekki getað leiðrétt skattskylda veltu vegna afsláttarins eftir á þar sem afslátturinn fellur ekki undir reglur um skilyrtan afslátt.

Eftir breytinguna er seljendum, sem skrá sölu sína í sjóðvél, gert mögulegt að lækka skattskylda veltu sína í samræmi við veittan rafrænan aflátt þegar uppgjör milli seljandans og greiðslukortafyrirtækisins liggur fyrir. Lækkun skattskyldrar veltu er ekki tæk fyrr en uppgjör seljanda og kreditkortafyrirtækis hefur átt sér stað og færast lækkunin til frádráttar skattskyldri veltu í þeim mánuði sem uppgjörið á sér stað.

Dæmi: Uppgjör seljanda, sem skráir sölu sína í sjóðvél, og kreditkortafyrirtækis, vegna tímabilsins 18. apríl - 17. maí, fer fram 2. júní. Þann rafræna afslátt sem veittur var á þessu kortatímabili má seljandi draga frá skattskyldri veltu á virðisaukaskattstímabilinu maí-júní en gjalddagi virðisaukaskatts vegna þess tímabils er 5. ágúst. Þ.e. miðað er við uppgjörsdaginn 2. júní.

Þessi heimild er bundin við aðila sem skrá sölu sína í sjóðvél. Þeir sem gefa út reikning samhliða skráningu í sjóðvél skulu tilgreina fjárhæð afsláttar á honum. Óbreyttar reglur gilda áfram um þá aðila sem ekki skrá sölu sína í sjóðvél þ.e. veiti þeir rafrænan afslátt þá telst hann óskilyrtur og ekki er hægt að lækka skattverðið eða skattskyldu veltuna nema hann komi til framkvæmdar þegar við afhendingu og sölureikningur-

inn endurspeglir því afsláttarverðið þá þegar.

Rafræn skil á virðisaukaskatti
Fjármálaráðherra er veitt heimild til að kveða á í reglugerð um hvernig rafrænum skilum á virðisaukaskatti skuli háttáð. Viðeigandi reglugerðarákvæði hafa enn sem komið er ekki verið sett, en unnið er að því að fyrirtækjum verði gert kleift í framtíðinni að skila virðisaukaskattsskýrslum og greiðslum um net. Enn er óvíst hvenær af þessu verður.

Sendi- og vörubifreiðir

Hnykk er á því að óheimilt er að innskatta öflun, rekstur og leigu á þeim sendi- og vörubifreiðum, með leyfða heildarþyngd 5.000 kg eða minna sem ekki uppfylla skilyrði um burðargetu og lengd farmrýmis sem tilgreind eru í reglugerð um innskatt. Ákvæðið er því áminning um að nýlegar reglur um skráningu bifreiða, sem Skráningarstofan og skoðunarstöðvar vinna eftir, fara ekki lengur saman við reglur um virðisaukaskattsbifreiðir skv. innskattsreglugerð. Þær bifreiðir sem skráðar eru sem léttar sendi- eða vörubifreiðir af skráningaryfirvöldum teljast því ekki sjálfkrafa til bifreiða sem innskattsheimild getur átt við um, enda eru reglur skráningaryfirvalda núorðið rýmri en reglur skattýfirvalda.

2. Lög nr. 104/2000 um breyting á lögum um álagningu gjalda á vörur

Lögin fela í sér breytingar á tollalögum, lögum um vörugjöld og lögum um áfengisgjald, en einnig eftirtaldir breytingar á virðisaukaskattslögum nr. 50/1988. Lögin tóku gildi 1. júlí 2000.

Vörur undanþegnar virðisaukaskatti við innflutning

Með lögnum eru gerðar breytingar á upptalningu í 36. gr. laga um virðisaukaskatt á þeim vörum sem undanþegnar eru virðisaukaskatti við innflutning. Nýmæli er ákvæði

um niðurfellingu í samræmi við ákvæði milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Brott er fellt úr lögnum ákvæði um niðurfellingu varðandi ritað mál sem berst til landsins án endurgjalds. Ekki er lengur þörf slíks sérstaks ákvæðis í virðisaukaskattslögum þar sem ákvæði tollalaga eru nú rýmri en áður var varðandi slíkan innflutning.

Endurgreiðsla vegna rannsóknartækja

Í lögum um virðisaukaskatt er fest ákvæði um endurgreiðslu virðisaukaskatts af rannsóknartækjum sem óskattskyldar rannsóknarstofur fá að gjöf eða kaupa fyrir gjafafé. Ákvæðið felur ekki í sér breytingu á þeirri framkvæmd sem verið hefur, þar sem í fjárlögum undanfarinna ára hafa verið heimildir til samsvarandi endurgreiðsna.

3. Lög nr. 82/2000 um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna

Lögin tóku gildi 23. maí 2000.

Erlend fyrirtæki í þágu varnarliðs á varnarsvæðum

Lögin fela ekki í sér breytingu á lögnum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Þannig er óbreytt ákvæði 48. gr. virðisaukaskattslaga um að sala til varnarliðsins á Keflavíkurlflugvelli teljist sala úr landi að því er virðisaukaskatt varðar. Í hinum nýju lögum er hins vegar kveðið á um að ekki eingöngu varnarliðið njóti undanþágu frá sköttum, þ.m.t. virðisaukaskatti, heldur einnig þau erlendu félög sem starfa einvörðungu innan varnarsvæðisins, í þágu varnarliðsins og hlotið hafa staðfestingu utanríkisráðherra sem slík. Þá er kveðið á um að starfsemi Ratsjárstofnunar njóti skattundanþágu á sama hátt. Óbreytt er að einstakir varnarliðsmenn skulu greiða óbeina skatta og gjöld, þ.m.t. virðisaukaskatt, eins og menn búsettir hér á landi.

Nánari upplýsingar veita gjaldaskrifstofa ríkisskattstjóra í síma 563-1112 og skattstjórar um land allt.

GJALDASKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA